

## Í Konukoti er opið alla daga ársins frá kl. 17.00 til hádegis næsta dag

### Í Konukoti er:

- hreint umbúið rúm
- léttur málsverður
- sturtuaðstaða
- þvottaaðstaða

### Í Konukoti skal ekki:

- neyta áfengis eða fíkniefna
- reykja nema í reykherberginu niðri í kjallara.
- hegða sér á truflandi hátt eða viðhafa ofbeldisfulla hegðun.
- yfirgefa húsið án þess að láta starfsmann vita
- 

Gestir eru beðnir að virða almennar samskipta- og umgengnisreglur auk húsreglna Konukots. Brot á reglum getur leitt til brottreksturs.

## Hvíld

Þegar kona kemur í athvarfið er henni úthlutað rúmi. Ætlast er til að farangur sé í lágmarki, rúmist helst í körfu undir rúmi og í náttborðsskúffum.

Eftir miðnætti er svefnaðstaðan nýtt og umgangi haldið í lágmarki.

Gestir eru beðnir um að skilja snyrtilega við svefnaðstöðuna. Það sem gestur skilur eftir í athvarfinu er á hans ábyrgð.

## Verðmætaskápar

Læstir skápar eru í boði og eru gestir hvattir til að nýta sér verðmætaskápa þar sem engin ábyrgð er tekin á persónulegum munum.

## Matur

Frjálst er að nýta það sem er til í ísskáp í borðstofu *hverju sinni*, einnig það sem þar er aðgengilegt t.d. morgunkorn, kaffi, o.fl. Milli kl. 18-20 er framreiddur *léttur* málsverður.

## Bað- og þvottaaðstaða

Velkomið er að nýta þvottavél og þurrkara í samráði við starfsmann. Einnig er til staðar sturtuaðstaða og er gestum úthlutað handklæði og hreinlætisvörum.

## Föt og skór

Gestum býðst að nýta fatnað sem er til í athvarfinu frá Fatasöfnun Rauða krossins.

## Önnur þjónusta

Á mánudagsmorgnum eru félagsráðgjafar frá Þjónustumiðstöð Miðborga og Hlíða til viðtals í Konukoti.

Starfsmenn Konukots geta aðstoðað gesti við að hafa samband við lækni, SÁÁ, geðdeild, meðferðaraðila, Velferðarsvið eða aðra sambærilega aðila.

## Um Konukot

Rauða krossinn í Reykjavík opnaði Konukot haustið 2004.

Frá árinu 2006 hefur Konukot verið rekið sem samstarfsverkefni Rauða krossins í Reykjavík og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Í Konukoti eru fastir starfsmenn og einnig starfa þar sjálfbóðaliðar á vegum Rauða krossins.

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hefur aðgang að skráðum upplýsingum um gesti athvarfsins.

Ef kona með lögheimili í Reykjavík gistir lengur en 20 daga í Konukoti hafa tengiliðir Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða samband við félagsráðgjafa hennar.

**Konukot er neyðarathvarf fyrir konur sem tíma-bundið hafa ekki í önnur hús að venda.**

Heimilisfang og símanúmer

**Eskihlíð 4  
(gengið inn Skógarhlíðarmegin)  
Sími 511 5150**

# Konukot

